

12. mars 1987

137

Nr. 94

REGLUGERÐ

um bann við togveiðum austur af Hvalbak.

1. gr.

Frá kl. 22:00 12. mars 1987 til kl. 24:00 15. maí 1987 eru allar veiðar með botn- og flotvörpu bannaðar á svæði, sem markast af eftirfarandi punktum:

1. 64°46'59.7 N — 12°43'39.9 V
2. 64°44'07.2 N — 11°53'54.7 V
3. 64°31'56.7 N — 12°05'49.3 V
4. 64°21'04.7 N — 12°49'19.4 V
5. 64°35'17.7 N — 12°55'49.0 V

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 12. mars 1987.

F. h. r.

Árni Kolbeinsson.

Pórður Eypórsson.

26. febrúar 1987

GJALDSKRÁ

Nr. 95

fyrir Vatnsveitu Bolungarvíkur.

1. gr.

Af öllum fasteignum í lögsagnarumdæmi Bolungarvíkur, sem fá vatn úr vatnsveitu bæjarins, skal greiða árlegan vatnsskatt og skal honum varið til þess að standa straum af kostnaði við vatnsveituna.

Álagningarstofn almenns vatnsskatts skal vera heildarmat hvernar fasteignar, þ.e.a.s. mat mannvirkja að viðbættu mati lóðar.

Hafi fasteign, sem greiða ber af vatnsskatt, ekki verið virt fasteignamatsvirðingu, ákveður bæjarráð skattinn.

2. gr.

Af húsum, sem nota vatn til annars en venjulegra heimilisparfa, vegna atvinnu sem í þeim er rekin, eða af öðrum ástæðum, skal greiða aukagjald, sem nefnist aukavatnsskattur.

Aukavatnsskatt skal að jafnaði greiða samkvæmt mældri notkun, en verði því ekki viðkomið, ákveður vatnsveitan aukavatnsskattinn samkvæmt áætlaðri notkun.

B 10

3. gr.

Af öllum fasteignum sem skattskyldar eru samkvæmt 1. gr. skal greiða vatnsskatt sem nemur 0,30% af heildarmati eignarinnar.

Lágmarksvatnsskattur skal vera kr. 1100 og er það einnig gjald vegna nýtingar vatnslinda í landi bæjarins, sbr. 3. gr. reglugerðar fyrir Vatnsveitu Bolungarvíkur.

Aukavatnsskattur, sem greiddur er samkvæmt 2. gr. skal vera kr. 3 á hvern m³ vatns.

Fyrir önnur vatnsnot en þau sem talin eru hér að framan skal greiddur aukavatnsskattur eftir ákvörðun bæjarráðs.

4. gr.

Um tengigjöld til vatnsveitu er ákvarðað í reglugerð um gatnagerðargjöld.

5. gr.

Vatnsveitan lætur notendum í té löggilta vatnsmæla og er ársleiga fyrir hvern mæli sem hér segir:

Ø	20 - 32 mm	kr.	650
Ø	40 mm	kr.	850
Ø	50 mm	kr.	1 500
Ø	80 mm	kr.	2 950
Ø	100 mm	kr.	4 400

6. gr.

Gjalddagi vatnsskatts hvers árs er sá sami og gjalddagi fasteignaskatts. Aukavatnsskatt er heimilt að innheimta mánaðarlega.

7. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, nema vatnsskattur, miðist við byggingarvísitölu 275 stig í desember 1986 og skulu þau breytast í samræmi við hana.

Heimilt er bæjarstjórn að hækka eða lækka um allt að 50% framantalin gjöld, öll eða hvert þeirra um sig, án þess að leita þurfi staðfestingar ráðuneytisins.

8. gr.

Vatnsskatt af fasteignum má taka lögtaki og má gera lögtak í hinni skattskyldu eign, án tillits til eigendaskipta. Skatturinn nýtur lögveðs í eigninni næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétt fyrir hvers konar sammingsveð og aðfararveð.

Sé vatnsskattur eða vatnsgjöld í vanskilum er heimilt að loka fyrir vatnsrennsli til gjaldenda.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Bolungarvíkur staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá fyrir Vatnsveitu Bolungarvíkur nr. 31 23. janúar 1975.

Félagsmálaráðuneytinu, 26. febrúar 1987.

F.h.r.

Hallgrímur Dalberg.

Húnbogi Þorsteinsson.